



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2021

**HEIM2BY05**  
(byrjunaráfangi í heimspeki)

Kennari:	<b>Ragnheiður Eiríksdóttir (RE) ragnheidure@fsu.is</b>
----------	--

### Áfangalýsing:

Hvernig vitum við að veruleikinn er eins og hann birtist okkur? Hvað er þekking? Hvað er sannleikur? Hvernig lifir maður góðu lífi? Er guð til? Hvað er rétt og rangt?

Í áfanganum verða teknir fyrir valdir þættir í heimspekisögunni, lögð er áhersla á að nemendur öðlist undirstöðuþekkingu á þróun heimspeki í gegnum mannskynssöguna ásamt grundvallarskilning á helstu heimspekikeningum sem hafa mótað viðhorf mannsins til siðferðis, frelsis, guðs og eðli heimsins í kringum hann.

Rökfræði, frumspeki, þekkingarfræði, siðfræði, fornaldarheimspeki og trúarheimspeki eru þær undirgreinar heimspekinnar sem verða kynntar í þessum áfanga.

Áhersla er lögð á sjálfstæða hugsun og vinnubrögð, nemendur eru hvattir til að horfa með gagnrýnum augum á námsefnið jafnt sem eigin skoðanir og viðhorf. Mikil áhersla verður lögð á umræður í tímum og því er góð mæting og virkni mjög mikilvæg. Verkefnavinna miðar að því að nemendur öðlist hæfni til að nýta eigin þekkingu og reynslu við úrlausn nýrra viðfangsefna.

**Undanfari:** Enginn

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- völdum heimspekingum og heimspekikeningum
- mikilvægi gagnrýnnar hugsunar
- undirstöduatriðum heimspekilegrar hugsunar
- lestri heimspekitemta
- heimspekilegum samræðum.

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- beita gagnrýnni hugsun
- meta eigin rök og annarra
- tjá sig heimspekilega og hlusta á aðra
- tengja heimspeki við eigin reynslu og veruleika.
- lesa heimspekitemta
- koma auga á og greina heimspekilegt inntak kvikmynda

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta beitt gagnrýnni hugsun á markvissari hátt á ólíkum sviðum lífsins
- geta borið saman ólíkar skoðanir og rök til að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- geta tileinkað sér nýja þekkingu á markvissari hátt
- geta miðlað torskildum fróðleik á skýran hátt
- skilja betur heiminn og samfélagi sem hann býr í
- beita heimspekilegum hugmyndum til þess að leysa úr siðferðislegum vandamálum.

### Námsefni:

Kennslubókin *Heimspeki fyrir þig* eftir Ármann Halldórsson og Róbert Jack ásamt aukaefni sem dreift verður á Innu og kvikmyndir sem sýndar verða í tímum.

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
33.-36.	18. ágúst - 10. september	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Kennsla hefst mið. 18. okt.</li> <li>- Námsáætlun áfangans kynnt</li> <li>- Fyrsti kafli – Heimspeki (rafrænt efni á Innu)</li> <li>- <i>Heimspeki fyrir þig</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ 1. kafli – Rök</li> <li>○ 2. kafli – Undrun</li> </ul> </li> <li>-</li> </ul>	Verkefni 1: Heimspeki í umhverfinu – kynningar  Verkefni 2: Rökvillur  Próf 1: Kaflapróf úr 1. og 2. kafla
37.-40.	13. september - 8. október	<ul style="list-style-type: none"> <li>○ 3. kafli – Sál</li> <li>- Kvikmyndin <i>The Matrix</i></li> <li>- <i>Heimspeki fyrir þig</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ 7. kafli – Breytni</li> </ul> </li> <li>- Kvikmyndin <i>Gone Baby Gone</i></li> <li>- Miðannarmat fös. 8. okt.               <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Viðtöl við nemendur um miðannarmatið</li> </ul> </li> </ul>	Verkefni 3: Um The Matrix og heimspekina.  Próf 2: Kaflapróf úr 3. og 7. kafla.  Verkefni 4: Hlutverkaleikur - réttarhöld yfir persónum úr <i>Gone Baby Gone</i>

41.-44.	11. október - 5. nóvember	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Haustfrí 14.-15. október</li> <li>- <i>Heimspeki fyrir þig</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>o 11. kafli – Speki</li> <li>o 12. kafli - Vegur</li> </ul> </li> <li>- Kvikmyndin <i>Peaceful Warrior</i></li> </ul>	Próf 3: Kaflapróf úr 11. og 12. kafla.  Kvikmyndaritgerð lögð fyrir.
45.-48.	8. nóvember - 3. desember	<ul style="list-style-type: none"> <li>- <i>Heimspeki fyrir þig</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>o 13. kafli – Trú</li> <li>o 14. kafli - Tóm</li> </ul> </li> <li>- Síðasti kennsludagur fös. 3. des.</li> </ul>	Verkefni 5: Lífstílaun í heimspeki Próf 4: Kaflapróf úr 13. og 14. kafla.  Skil á uppkasti að kvikmyndaritgerð 19. nóv. Lokaskil á kvikmyndaritgerð 26. nóv.
49.-50.	6. desember - 18. desember	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Lokanámsmat hefst mán. 6. des.</li> <li>- Sjúkrapróf mán. 13. des.</li> <li>- Brautskráning lau. 18. des.</li> </ul>	

### Sérreglur áfangans:

Til að standast áfangan verður að taka minnst 3 af 4 kaflaprófum en öll 4 gilda til einkunnar. Ef nemandi er með skráð veikindi eða leyfi á próftíma er hægt að fá úthlutaðan tíma til að taka prófið en það er á ykkar ábyrgð að hafa samband við kennara og fá úthlutað öðrum tíma. Ef þið biðjið ekki um að fá að taka prófið á öðrum tíma innan viku frá prófdegi er gefið 0 í einkunn.

Öllum verkefnum skal skilað inn á Innu fyrir miðnætti á skiladag. Ef nemandi skilar of seint dregst 0,5 af einkunn fyrir hvern dag nema að nemandi hafi samið um annað við kennara fyrirfram.

Ef nemandi skilar færri en 3 af 5 verkefnum telst hann fallinn í áfanganum en öll verkefni gilda til einkunnar.

Nauðsynlegt er að skila ritgerðinni og ná lágmarkseinkunn (4,5) til að standast áfangann.

Nemendur sem eru 20 ára og eldri og þeir sem eru með opið vottorð verða að gera formlegt samkomulag við kennara um mætingu og verkefnaskil.

### Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kaflapróf 1-4	Eftir hverja 2 kafla er stutt próf úr þeim.	40%
Verkefni 1-5	Mis mikið vægi á hverju og einu, fer eftir umfangi	30%
Kvikmyndaritgerð	Ritgerð unnin bæði í tímum og heima, uppkasti skilað.	20%
Ástundun	Virkni, áhugi og mæting	10%
Samtals		100%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Hveragerði, 15. ágúst 2021  
Ragnheiður Eiríksdóttir